

Fundargerð 452. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, miðvikudaginn 19. apríl kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 451. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 451. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 24 mars 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Komur farþegaskipa - 2212003HA

Rætt um stöðu farþegaskipa og þjónustu í sumar. Ljóst er að hafnir eru að setja mikla vinnu og kraft í að undirbúa komu skipanna og er mikil bjartsýni fyrir sumrinu.

3. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009020HA

Tilnefna nýjan fulltrúa í samráðsnefnd Hafnasambands Íslands og Fiskistofu í stað Guðmundar M. Kristjánssonar.

Samþykkt að tilnefnda Þórdísi Sif Sigurðardóttur frá Vesturbyggðarhöfnum í samráðsnefndina í stað Guðmundar Kristjánssonar fv. hafnarstjóra Ísafjarðarhafna sem hefur látið af störfum. Búið er að boða fund í samráðshópnum í næstu viku þar sem stærsta umræðuefnið verður fjarvigtun.

4. Samráðsvettvangur hafnasambandsins, sambandsins og SFS - 2304002HA

Samþykkt að tilnefna Björn Arnaldsson, hafnarstjóra Hafna Snæfellsbæjar, í samráðsvettvang hafnasambandsins, sambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútveggi sem hefur það verkefni að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs.

Fundi var slitið kl. 12:00

Lúðvík Geirsson

Gunnar Tryggvason

Pétur Ólafsson

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir

Pórdís Sif Sigurðardóttir

Elliði Vignisson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Dóra Björk Gunnarsdóttir